



SENDIRÁÐ ÍSLANDS

# Yfirlit frá sendiráði Íslands í Brussel

Október 2015

Upplýsingagjöf til utanríkismálanefndar Alþingis á grundvelli 8. gr. reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála

## Efst á baugi


- Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra, sótti ráðstefnu um málefni flóttafólks í Lúxemborg 8. október sl. Sjá nánar [hér](#).
- Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra, átti 10. júlí sl. fundi í Brussel með Donald Tusk, forseta ráðs ESB og Jean-Claude Juncker, forseta framkvæmdastjórnar ESB. Sjá nánar [hér](#).
- Fundur Sameiginlegu EES-nefndarinnar var haldinn 25. september sl. og voru 69 gerðir ESB teknar inn í EES-samninginn. Sjá nánar [hér](#).
- Næsti fundur Sameiginlegu EES-nefndarinnar verður haldinn 30. október nk.
- Undirbúningur er hafinn fyrir EES-ráðsfund og fund ráðherra EES/EFTA-ríkjanna með þingmannanefnd og ráðgjafarnefnd EFTA 17. nóvember nk.
- EFTA-skrifstofan stóð fyrir óformlegum hádegis-verðarfundi 6. október sl. með fulltrúum aðildarríkja ESB í vinnuhópi ráðs Evrópusambandsins um EFTA. Auk þeirra sóttu fundinn fulltrúar fastanefnda Íslands, Noregs, Liechtenstein og Sviss. Fundurinn var gagnlegur til þess að minna vinnuhóp ráðs ESB á sérstöðu EES-samningsins.

## Stefnumótun sem miðar að því að einfalda og gera regluverk ESB minna íþyngjandi

Ísland, Noregur og Liechtenstein sendu framkvæmdastjórn ESB sameiginlegar athugasemdir sínar í tilefni af stefnumótun framkvæmdastjórnar ESB um einfaldara og minna íþyngjandi regluverk (e. Better Regulation). EES/EFTA-ríkin fögnuðu þessu framtaki en það fer vel saman við áherslur ríkjanna þriggja um að draga úr íþyngjandi lagasetningu og léttu starfsumhverfi fyrirtækja. Sjá nánar [hér](#).

## Frammistöðumat Eftirlitsstofnunar EFTA birt

Ísland hefur bætt innleiðingu EES-gerða síðastliðið ár. Þetta má sjá í nýju frammistöðumati sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) birti 6. október sl. Þar sem fram kemur að innleiðingarhallinn hafi verið 2,1% í apríl sl. Til samanburðar var hallinn 2,8% í nóvember 2014 og 3,2% í apríl 2014. Meðalinnleiðingarhalli aðildarríkja ESB er 0,7%. Noregur hefur lækkað innleiðingarhalla sinn úr 2% í 0%. Innleiðingarhalli Liechtenstein minnkaði lítillega niður í 1,1%. Sjá nánar [hér](#).



Tafla: Innleiðingarhalli EFTA-ríkjanna síðustu 5 ár.

## Samningsumboð ESB fyrir COP 21

Umhverfisráðherrar Evrópusambandsins samþykktu í september samningsumboð ESB fyrir loftlagsráðstefnuna COP 21 sem haldin verður í París í desember. Samkvæmt umboðinu skal stefnt að því að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda um helming fyrir árið 2050 miðað við losun árið 1990. Enn fremur skuli stefnt að því að losun nái hámarki árið 2020 hið síðasta og að losun árið 2100 verði engin eða binding komin umfram losun.

Carole DIESCHBOURG, umhverfisráðherra Lúxemborgar, sagði að umboðið væri sterkt

- Ný löggjöf ESB til að berjast gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur öðlast gildi. Löggjöfinni er m.a. ætlað að auðvelda upplýsingaöflun um grunsamlegar tilfæringar á fjármagni og upplýsingaskipti þar að lútandi milli aðildarríkja ESB. Sjá nánar [hér](#).

### Samráð um löggjöf ESB í mótun

Framkvæmdastjórn ESB heldur úti heimasíðu þar sem finna má á einum stað alla stefnumörkun í mótun og fyrirhugaða löggjöf þar sem almenningi og hagsmunaaðilum er boðið upp á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri (e. public consultations).

Oft er með þessum hætti hægt að koma að tilteknum sjónarmiðum mjög snemma í ferlinu.

Þarna gefst kjörið tækifæri fyrir t.d. íslenskar stofnanir og ráðuneyti til að hafa áhrif á stefnumótun ESB, sem er megininntak Evrópustefnu sitjandi ríkisstjórnar.

Vefsíðuna má finna [hér](#) og eftirfarandi eru nokkur dæmi um opin samráðsferli.

Opið samráðsferli varðandi breytingar á aðgengi að heilbrigðisþjónustu í Evrópusambandinu. Svarfrestur er til 6. nóvember næstkomandi. Sjá nánar [hér](#).

Opið samráðsferli varðandi tillögur um að fjarlægja hindranir á verslun og upplýsingaöflun yfir landamæri í Evrópu. Svarfrestur til 18. desember

og sýndi ríka ábyrgðartilfinningu aðildarríkja sambandsins. Umboðið gerir einnig ráð fyrir að markmið alþjóðlegs samnings verði endurskoðuð með fimm ára millibili þar sem samningsaðilar geti annað hvort tekið á sig auknar skuldbindingar eða staðfest fyrri skuldbindingartölur. Í niðurstöðum ráðherrafundar ESB var Íslandi og Noregi sérstaklega þakkaðar fyrirætlanir sínar um samstarf við ESB varðandi sameiginlegan samdrátt losunar gróðurhúsalofttegunda.

Umboðið er í fullu samræmi við markmiðasetningu Evrópusambandsins í loftslagsmálum, þ.e. áður samþykktu stefnumörkun, fyrst til ársins 2030 og síðan til ársins 2050. Niðurstöður fundarins má nálgast [hér](#).

## Fundur orkumálaráðherra ESB og EES-EFTA ríkjanna

Óformlegur fundur orkumálaráðherra ESB og EES/EFTA-ríkjanna var haldinn í Lúxemborg dagana 22. og 23. september sl. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sótti fundinn fyrir Íslands hönd. Á fundinum var sérstaklega rætt um endurnýjanlega orkugjafa, nýjustu tækni við framleiðslu og nýtingu hreinnar orku auk fjárfestingatækifæra og fjármögnunar. Til fundarins var boðið virtum frumkvöðlum sem ávörpuðu ráðherrana. Þeirra á meðal voru Elon Musk, stofnandi og framkvæmdastjóri bílaframleiðandans Tesla, hag- og félagsfræðingurinn Jeremy Rifkin og Bertrand Piccard, hugmyndafræðingurinn á bak við sólarorkuknúna flugvél sem nú flýgur umhverfis jörðina. Augljóst var að fyrirlestrarnir veittu ráðherrunum innblástur og mótuðu umræður fundarins.

Ragnheiður Elín vakti sérstaklega athygli á möguleikum til jarðhitanýtingar í Evrópu og benti á hversu mikil og jákvæð áhrif slík nýting hefði haft á Íslandi, bæði á efnahag og umhverfi. Nánari upplýsingar um fundinn má finna [hér](#).

## Aðgerðaáætlun um fjármagnsmarkaðsbandalag

Evrópusambandið hefur birt áætlun til næstu fjögurra ára um aðgerðir til að koma á fót fjármagnsmarkaðsbandalagi (e. Capital Market Union) innan ESB.

Aðgerðaáætlunin inniheldur m.a. eftirfarandi tillögur:

1. auka aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármögnun á markaði á öllum stigum fjármögnunar þeirra, t.d. með áhættufjármögnun, hlutafjárukningu, hópfiármögnun og lánasjóðum,
2. bæta skilyrði til fjármögnunar fyrirtækja í gegnum fjármagnsmarkaði og í því skyni m.a. endurskoða tilskipun um útboðs-/útgáfulýsingar (e. Directive on Prospectus), þegar fyrirtæki vilja gefa út skuldabréf eða auka hlutafé,
3. auka fjárfestingarflæði til sjálfbærra verkefna sem og innviða samfélagsins í því skyni að efla langtímafjárfestingu innan sambandsins,
4. auka tiltrú og fjölga spennandi fjárfestingartækifærum fyrir almenna fjárfesta og fagfjárfesta,
5. nota fjármagnsmarkaði til að styrkja lánagetu banka,
6. draga úr hindrunum þegar kemur að fjárfestingum milli landa og horfa í því skyni sérstaklega til þess að afnema reglur aðildarríkjanna sem hindra slíkar fjárfestingar.

Meðal fyrstu aðgerða verður endurskoðun á regluverki um verðbréfavíðskipti (e. Securitisation), reglum um greiðsluþol/greiðslugetu (e. Solvency II) vegna fjárfestinga í innviðum, víðtækt samráð um kosti og hvata við áhættufjármögnun (e. venture capital) til þess að auka möguleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem og óskráðra félaga, á fjármögnun á markaði, samráð um sértryggð skuldabréf og aukid

nk. Sjá nánar [hér](#).

Opið samráðsferli um regluverk ESB um fjármálaþjónustu. Svarfrestur til 6. janúar 2015. Sjá nánar [hér](#).

## Áhugaverðir tenglar

Upplýsingar frá ESB

Vefsíða EFTA-skrifstofunnar

Vefsíða Eftirlitsstofnunar EFTA

Vefsíða EFTA-dómstólsins

Vefsíða sendiráðs Íslands í Brussel

Twitter-síða sendiráðsins

Facebook-síða sendiráðsins

vægi þeirra við fjármögnun fyrirtækja og heildrænt mat á fyrirliggjandi regluverki um fjármálaþjónustu í því skyni að koma auga á og draga úr hindrunum í fjárfestingum milli landa. Sjá nánar [hér](#).

## Nýir samningar við ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur

Hinn 17. september sl. náðust nýir samningar við Evrópusambandið um viðskipti með landbúnaðarvörur. Þá var einnig lokið við gerð samnings um gagnkvæma vernd vöruheita sem vísa til uppruna. Vonir standa til að samningarnir geti öðlast gildi í árslok 2016 eða byrjun árs 2017. sjá nánar [hér](#).

## Innanríkismál

Tveir aukafundir á sviði dóms- og innanríkismála voru haldnir í september. Markmið fundanna var að ná pólitísku samþykki um áframflutning (e. relocation) 120.000 hælisleitenda frá Ítalíu og Grikklandi, til viðbótar við þá 40.000 sem ákveðið var að áframflytja í júlí sl. Samþykki náðist á síðari fundinum með meirihlutaatkvæðagreiðslu. Sjá nánar [hér](#).

Þann 9. september kynnti framkvæmdastjórn ESB sjö tillögur að aðgerðum í útlendingamálum með sérstaka áherslu á málefni flóttamanna. Sjá nánar [hér](#).

## Vísinda- og menntamál

Getur Evrópa nýtt krafta vísindamanna í hópi flóttafólks? [Euraxess](#) hefur hleypt af stokkunum áhugaverðu verkefni, [science4refugees](#), sem felst í því að nýta sem fyrst krafta vísindafólks, sem gæti leynst meðal flóttamanna og hælisleitenda, í þeim miklu fólksflutningum sem nú eiga sér stað um alla Evrópu. Rannsóknastofnanir, sem hafa huga á því að ráða fólk til starfa, geta sent inn lýsingu á störfum en einnig getur vísindafólkið sjálft sent inn sína ferilsskrá til kynningar á sér og sinni kunnáttu.

Stefnumótun til framtíðar – Lund revisited. [Lund yfirlýsingin frá 2009](#) lagði línurnar að nálgun ESB í rannsóknum og nýsköpun innan Horizon 2020, en þar kom fram nauðsyn þess að nálgast stórar, samfélagslegar áskoranir með samstarfi og þverfaglegum rannsóknum, í stað þess að einblína á einstök fræðasvið. Þann 4. desember er boðað til ráðstefnu í Háskólanum í Lund þar sem yfirlýsingin verður rædd og uppfærð með tilliti til samfélagslegra áskorana. Ráðstefnan nefnist á ensku [Lund revisited – Next steps in tackling societal challenges](#) og verður helstu stefnumótandi aðilum í rannsóknum og nýsköpun boðið að sitja ráðstefnuna.

## Evrópudómstóllinn ógildir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um örugga höfn

Hinn 6. október sl. felldi dómstóll Evrópusambandsins forúrskurð í máli Schrems, austurríks ríkisborgara, gegn Persónuvernd Írlands. Í málinu hafði Schrems kvartað til stofnunarinnar vegna þess að hann taldi að flutningur Facebook á persónu-upplýsingum hans frá Írlandi til Bandaríkjanna bryti í bága við lágmarksvernd persónuverndartilskipunar nr. 96/45/EB, þar sem bandarísk lög og framkvæmd heimila kerfisbundinn aðgang yfirvalda að upplýsingunum. Írska persónuverndin hafnaði kvörtuninni þar sem regluverk ESB um örugga höfn (e. safe harbour), heimilaði flutning upplýsinga til bandarískra ábyrgðaraðila sem vottaðir væru

samkvæmt ákvörðuninni.

Fór Schrems með úrskurð Persónuverndar Írlands fyrir dóm. Dómstóllinn óskaði eftir ráðgefandi áliti frá Evrópudómstólnum um hvort ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um örugga höfn kæmi í veg fyrir að persónuverndaryfirvöld í aðildarríkjunum gætu metið hvort nægjanleg vernd persónuupplýsinga væri tryggð í þriðja ríki og stöðvað gagnaflutninginn ef nauðsyn kræfi.

Í forúrskurði sínum tiltók Evrópudómstóllinn að Réttindaskrá ESB og persónuverndartilskipunin tryggði borgurunum rétt til verndar persónuupplýsinga, sem persónuverndaryfirvöldum bæri að framfylgja. Ákvörðu framkvæmdastjórnarinnar gæti ekki hindrað persónuverndaryfirvöld í að rannsaka kvartanir um hvort brotið væri á rétti borgaranna. Samkvæmt ákvörðuninni um örugga höfn gengu þarfir í þágu þjóðaröryggis og löggæslu framar persónuverndarreglum, án takmarkana. Til viðbótar hefðu ríkisborgarar ESB í slíkum aðstæðum enga möguleika á að skjóta málum sínum til dómstóla í Bandaríkjunum. Þá taldi dómstóllinn að löggjöf sem mælti fyrir um söfnun og geymslu persónuupplýsinga sem flutt væri frá ESB til Bandaríkjanna, án aðgreiningar í þágu fjöldeaftirlits, bryti í bága við meðalhóf. Á þessum grunni ógilti Evrópudómstóllinn jafnframt áðurgreinda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um örugga höfn. Sjá nánar [hér](#).